

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Jakob Rósinkarsson, á að greiða áfrýjandanum, stjórn sparisjóðsins á Ísarði, 100 kr., 7<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vexti af þeim frá <sup>11</sup>/<sub>6</sub> 1887 þangað til greitt verður, og í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birting hans undir aðför að lögum.

No. 7/1888.

Mánudaginn 25. júnímán.

B. Muus & Co

gegn

Jóni Magnússyni sem fjárráðamanni

Magnúsar Jónssonar.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, upp kveðnum 3. dag nóvembermán. f. á., var Magnús Jónsson í Bráðræði við Reykjavík dæmdur til að greiða verzlunarhúsinu B. Muus & Co í Kaupmannahöfn 30469 kr. 60 au. með 7<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá 23. aprílmán. f. á. til borgunardags, og enn fremur 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vexti af 38469 kr. 60 au. frá 1. ágústmán. 1886 til 23. aprílmán. f. ár; málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur B. Muus & Co áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 24. febr. þ. á., og krafizt þess, að hann verði staðfestur, en hinn stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. Stefna þessi hefur verið gefin út gegn og birt fyrir Jóni Magnússyni, fjárhaldsmanni Magnúsar Jónssonar, því

að Magnús var sviptur fjárforræði, þegar eptir að lögsókn þessi byrjaði í hjeraði.

Fjárhaldsmaðurinn, Jón Magnússon, hefur með stefnu, útgefinni 24. marzmán. þ. á., gagnáfrýjað áður- nefndum bæjarþingsdómi, og krafizt þess, að Magnús Jónsson verði algjörlega sýknaður, og að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu. — Aðaláfrýjandi hefur með tilliti til þessarar gagnáfrýjunarstefnu krafizt þess, að henni verði vísað frá rjettinum, með því að gagnáfrýjandi eigi hafi fram lagt undirjettardómsgjörðir sakarinnar, jafnframt og hann lagði í dóm gagnáfrýjunar-stefnuna. En þegar hinn næsta fyrirtektardag málsins, eptir að þessi mótmæli komu fram af hálfu aðaláfrýjanda, lagði gagnáfrýjandi fram undirjettardómsgjörðir málsins af sinni hálfu, og er því eigi ástæða til að vísa gagnsökinni frá dómi sökum ónógrar málsútlisunar.

Eptir skýrslum máls þessa hafði gagnáfrýjandinn, Magnús Jónsson í Bráðræði, rekið verzlun í Reykjavík nokkur ár, áður en hann seldi hana í hendur syni sínum Sigurði við árslok 1881. Hafði Magnús haft verzlunarviðskipti við aðaláfrýjandann, meðan hann rak verzlunina; áður en hann seldi syni sínum hana í hendur, tilkynnti hann aðaláfrýjanda þessa ráðstöfun, og virðist hann þá jafnframt hafa farið þess á leit, að aðaláfrýjandi hjeldi áfram verzlunarviðskiptunum við Sigurð á sama hátt, og viðskipti gagnáfrýjanda og aðaláfrýjanda höfðu verið um undanfarin ár. Þetta kveðst aðaláfrýjandi hafa gjört eptir beiðni gagnáfrýjanda, en þó að eins með því móti, að gagnáfrýjandi ábyrgðist sem sjálfskuldarábyrgðarmaður



skuld þá, er Sigurður sonur hans kynni að skulda aðaláfrýjanda eptir verzlunarbókum hans (B. Muus & Co.) á hverjum tíma sem væri, og til sönnunar því, að gagnáfrýjandi hafi undirgengizt svo lagaða skuldbindingu, hefur aðaláfrýjandi fram lagt ábyrgðarskjal á dönsku þess efnis, sem nú var tilgreint, dagsett í Reykjavík 10. desembermán. 1881, með undirskriptinni „Magnús Jónsson“ og „til vitundar Þ. Jónsson, Jón Jónsson“.

Eptir að Sigurður Magnússon hafði tekið við verzluninni af föður sínum um áramótin 1881—1882 átti hann stöðugt verzlunarviðskipti við aðaláfrýjanda, þangað til Sigurður varð gjaldþrota árið 1886, og bú hans var tekið til skipta sem þrotabú; var skuld hans til aðaláfrýjanda þá, hinn 1. ágústmán. 1886, 38.469 kr. 60 au., en upp í skuldina hefur síðan verið borgað í maímánuði fyrra ár 8000 kr.; þegar aðaláfrýjandinn eigi fjekk meira greitt upp í skuldina frá Sigurði eða úr þrotabúi hans, krafði hann Magnús Jónsson sem sjálfskuldarábyrgðarmann um eptirstöðvar hennar samkvæmt ábyrgðarskjalinu 10. desembermán. 1881, og er skuldarupphæð sú, sem undirdómarinn hefur tekið til álita, samkvæmt þessu 30469 kr. 60 aur. auk vaxta frá 1. ágústm. 1886. Eptir málsfærslunni, bæði fyrir undirrjettinum og yfirdóminum, er nú eigi heldur neinn ágreiningur milli sakaraðilanna um upphæð skuldarinnar eða um vextina, en umbodsmaður gagnáfrýjanda hefur afdráttarlaust krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn í málinu, með því að hann (gagnáfrýjandi) hafi eigi undirskrifað eða út gefið ábyrgðarskjalið frá 10. desbr. 1881. Undirdómarinn hefur álitid, að þessi neitun

geti eigi komizt að eða tekizt til álita, með því að hún sje fram sett til vara, en varnarástæður þær, er fram hafi verið settar í fyrstu röð, feli í sjer viðurkenningu um, að gagnáfrýjandi hafi undirskrifað ábyrgðarskjalið. Þessar varnarástæður eru, að ábyrgðarskjalið sje á dönsku máli, er Magnús Jónsson vitanlega eigi hafi kunnað, og hafi þó vottarnir eigi áteiknað skjalið um, að innihald þess hafi verið útlistað fyrir honum; að eigi hafi vottarnir áteiknað skjalið um, að Magnús hafi verið með ráði og rænu, er hann á að hafa undirskrifað það; að annar vitundarvotturinn, sem gefið hefur skýrslu um málsatvik þetta, hafi að vísu eigi neitað undirskript sinni á skjalinu, en hafi alls ekkert getað upplýst um skjalið að öðru leyti nje um undirskript Magnúsar; að eigi sje alsendis ljóst, hver annar vitundarvotturinn hafi verið, en sje hann sá, sem tilgáta er um, þá sje hann nú löngu dáinn; og loksins að undirskriptin undir ábyrgðarskjalinu sje svo, að það verði eigi skript kölluð og líkist engri rithönd. — En eins og það er fullljóst af allri vörn umbodsmanns gagnáfrýjanda í hjeraði, að það hefur eigi verið ætlun hans, að kannast við undirskript gagnáfrýjanda á skjalinu, með því að tína til framangreind málsatvik, þannig er eptir allri málsfærslunni engin ástæða til að skoða þau sem sjerstakar og sjálfstæðar varnarástæður, er óhjákvæmilega feli í sjer viðurkenningu á undirskriptinni. Umbodsmaður gagnáfrýjanda virðist hafa bent á þessi málsatvik til þess, að gjöra sem sennilegasta aðalsýknarástæðuna í málinu, sem sje neitunina á undirskriptinni undir ábyrgðarskjalið, — en um hana er hvergi talað í málsvörninni, svo sem



hún væri sýknarástæða *tíl vara* —, og eptir almennum rjettarfarsreglum gat það, þegar svo á stóð, eigi haft áhrif á úrslit þessa máls, að málsatvika þessara var getið í varnarskjalinu áður en sýknarástæðan var fram sett, enda var engin sjerstök rjettarkrafa tengd við þau. Það verður því eigi fallizt á röksemdaleiðslu undirdómarans um þetta málsatriði, og verður þá neitun umboðsmanns gagnáfrýjanda á undirskript hans undir ábyrgðarskjalið að koma til álita. Aðaláfrýjandi hefur að vísu haldið því fram, að hinn stefndi sjálfur (gagnáfrýjandi) hafi aldrei neitað því, að hann hafi undirskrifað skjalið, heldur þvert á mófi kannazt við það, en eins og það alls eigi er sannað, að hann hafi kannazt við undirskriptina, þannig verður að álita, að málf lutningsmenn hans, bæði fyrir undirrjettinum og yfirdóminum, hafi haft heimild og umboð til að neita undirskriptinni hans vegna. Það er því aðaláfrýjandans að sanna, að gagnáfrýjandinn hafi undirskrifað og út gefið margnefnt ábyrgðarskjal, en sönnun fyrir því hefur ekki komið fram í málinu. Skýrsla annars vitundarvottsins, sem skrifað hefur undir skjalið, hefur verið fram lögð í málinu, en eptir innihaldi sínu sannar hún ekkert um undirskriptina; skýrsla frá hinum vitundarvottinum hefur eigi komið fram. Þá er eigi heldur brjefabók aðaláfrýjanda, nje heldur brjef hans til gagnáfrýjanda, dags. 12. nóv. 1881, nægilegt sönnunargagn í þessu efni, og loksins verður ekkert byggt á því, þótt rithöndin á nafninu „Magnús Jónsson“ undir ábyrgðarskjalinu álíti slíkt rithönd gagnáfrýjanda. Eptir þessum málavöxtum verða úrslit málsins að vera komin undir synjunareíði gagnáfrýjanda samkvæmt

NL. 5—1—6; að vísu virðist mega ráða það af málskjölnum, að hann sje orðinn ærið elli-hrumur, en engin rök eru leidd að því af málsþortunum, að hann sje svo þrotinn að sálarkröptum, að eigi megi fyrirleggja honum eið í málinu. Ef hann því synjar fyrir það með eiði, að hann hafi undirskrifað margnefnt ábyrgðarskjal, dags. 10. desember 1881, á hann að vera sýkn í málinu, og þykir þá rjett, að málskostnaður falli niður; en vinni hann eigi þennan eið, á hann að greiða aðaláfrýjanda upphæðir þær, sem um getur í hinum áfrýjaða dómi, og að auki hæfilegan málskostnað, er ákveðst 60 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Ef gagnáfrýjandi, Magnús Jónsson eptir löglegan undirbúning fyrir rjetti á sínu varnarþingi, vinnur þann eið, að hann hafi eigi undirskrifað ofan umgetið ábyrgðarskjal, dags. 10. desember 1881, á hann að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, B. Muus & Co., í máli þessu, og á þá málskostnaður fyrir báðum dómum að falla niður. En vinni gagnáfrýjandi eigi svo felldan synjunareið, þá á hann að greiða aðaláfrýjanda 30,469 — þrjátíu þúsund fjögur hundruð sextíu og níu — krónur og 60 aura með 7% vöxtum frá 23. aprílmán. f. á. til borgunardags og enn fremur 6% vexti af 38,469 kr. 60 aur. frá 1. ágústmán. 1886 til 23. aprílmán. f. á., og að auki í málskostnað 60 krónur.



Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júlímán.

Nr. 13/1888.

B. H. Bjarnason

gegn

Finnboga Árnasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, er áfrýjandi, B. H. Bjarnason kaupmaður, telur til hjá Finnboga bónda Árnasyni á Suður-Reykjum, að upphæð 275 kr. 30 au. Í hjeradi gagnsótti hinn stefndi sækjanda og fór því fram, að hann alls ekki væri í neinni skuld við áfrýjanda, heldur ætti hann hjá áfrýjanda 238 kr. 14 au., er hann krafðist að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sjer. Með dómi gestarjettar Kjósar-og Gullbringusýslu, gengnum 20. febr. þ. á., urðu þau úrslit á málinu, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hinum stefnda 5 kr. 73 au. og 5<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vexti af þessari upphæð frá 20. septbr. 1887 til borgunardags; að öðru leyti skyldu málsaðilar sýknir hvor af annars kærnum og kröfum í málinu, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur B. H. Bjarnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags 12. marzm. þ. á., og krafizt, að hann verði dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar, eða að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirrjettinum, en stefndi skyldaður til að greiða áfrýjandanum 275 kr. 30 au. með 5<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir